

FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2025

VERTIGO, ALFRED HITCHCOCK, 8. SEPTEMBER KL. 14:15

AFTER HOURS, MARTIN SCORSESE, 15. SEPTEMBER KL. 14:15

BLUE VELVET, DAVID LYNCH, 22. SEPTEMBER KL. 14:15

HEAVENLY CREATURES, PETER JACKSON, 29. SEPTEMBER KL. 14:15

FARGO, JOEL & ETHAN COEN, 6. OKTÓBER KL. 14:15

GASLIGHT, GEORGE CUKOR, 13. OKTÓBER KL. 14:15

ALIEN, RIDLEY SCOTT, 20. OKTÓBER KL. 14:15

VETRARFRÍ OG BARNAKVIMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS

ANATOMY OF A FALL, JUSTINE TRIET, 3. NÓVEMBER KL. 14:15

SJÖUNDA INNSIGLIÐ, INGMAR BERGMAN, 10. NÓVEMBER KL. 14:15

RUSHMORE, WES ANDERSON, 17. NÓVEMBER KL. 14:15

DRUK, THOMAS VINTERBERG, 24. NÓVEMBER KL. 14:15

MEMORIES OF A SNAIL, ADAM ELLIOT, 1. DESEMBER KL. 14:15



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís

<https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>



VERTIGO



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1958

LENGD: 128 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Alfred Hitchcock

AÐALHLUTVERK: Kim Novak, James Stewart, Barbara Bel Geddes

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Alfred Hitchcock er einn mikilvægasti kvikmyndaleikstjóri sem uppi hefur verið, en hann lagði grundvöllinn að kvikmyndagerð eins og við þekkjum hana í dag.

Vertigo er ein af frægustu myndum Hitchcock. Hún er byggð á skáldsögunni *D'entre les morts* eftir Boileau-Narcejac og segir frá leynilögreglumanninum John Ferguson sem kemst að því að hann er haldinn lofthræðslu og svima þegar hann er við skyldustörf. Hann sest í helgan stein en tekur að sér að fylgjast með eiginkonu skólabróður hans, en eiginkonan hagar sér einkennilega og virðist haldin þráhyggju gagnvart ættmóður sinni sem bjó eitt sinn í San Fransisco.

Vertigo er með rómantískustu og leyndardómsfyllstu myndum sem Hitchcock gerði. Í myndinni koma fram nýstárlegar aðferðir við að sýna svima og lofthræðslu og eru kölluð „Vertigo-áhrifin“. Frásagnaraðferðin og kvikmyndatakan hafa haft mikil áhrif á kvikmyndagerð samtímans.

AFTER HOURS



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1985

LENGD: 97 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Martin Scorsese

AÐALHLUTVERK: Griffin Dunne, Rosanna Arquette, Linda Fiorentino

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

After Hours er óður til níunda áratugsins og gerist í New York. Paul Hackett langar til að fara út á lífið eftir vinnu og kynnist ungri konu á kaffihúsi, sem býður honum heim. Paul fer til íbúðar hennar í SoHo-hverfinu þar sem ekkert er sem sýnist og uppgötvar fljótlega að hann kemst ekki heim.

Myndin er blanda af grínmynd og rökkurmynd en sækir jafnframt í Galdrakarlinn í Oz og myndir Luis Bunuel, sérstaklega Tortímingarengilinn þar sem hópur fólks kemur í kvöldverðarboð og kemst ekki heim, en eins og í flestum myndum Scorsese koma fyrir mikilvægar tilvistarspurningar.

BLUE VELVET



TEGUND OG ÁR: *Spennutryllir, ráðgáta, 1986*

LENGD: *120 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *David Lynch*

AÐALHLUTVERK: *Isabella Rossellini, Kyle MacLachlan, Dennis Hopper, Laura Dern*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Blue Velvet festi David Lynch í sessi sem einan af virtustu kvikmyndaleikstjórum samtímans. Myndin segir frá ungum manni að nafni Jeffrey (Kyle MacLachlan) sem snýr aftur til heimabæjar síns til að sjá um verslun föður síns á meðan hann er á sjúkrahúsi.

Þegar hann finnur afskorið eyra skammt frá heimilinu, uppgötvar hann að ekki er allt með felldu. Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna og þykir með bestu myndum Lynch, sem lést snemma á árinu.

Kvikmyndir David Lynch einkennast af því sem hefur verið kallað “Nýjar bandarískar goðsagnir” en í myndum Lynch má finna beinar vísanir í goðsagnir og frásagnir úr bandarísku þjóðlífi, hvort sem þær gerast í smábæ eða í Hollywood. Undir fallegu yfirborði kraumar ofbeldi, galdrar og goðsagnir sem er undirstaða súrrealismans sem einkennir listræna sýn Lynch.

HIMNESKAR VERUR



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd byggð á sönnum atburðum, 1994

LENGD: 99 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Nýja-Sjáland

LEIKSTJÓRI: Peter Jackson

ÁDALHLUTVERK: Melanie Lynskey, Kate Winslet, Sarah Peirse

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Heavenly Creatures er byggð á sönnu sakamáli sem gerðist í Christchurch á Nýja-Sjálandi.

Unglingsstúlkurnar Juliet Hulme og Pauline Parker eru nánar vinkonur sem elska bókmenntir og fantasíur en þegar móðir Pauline reynir að koma í veg fyrir þráhyggjukennt samband þeirra, leggja þær á ráðin um að myrða hana. Myndin gerist á árunum 1952 til 1954.

Myndin var opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar í Feneyjum og hlaut Gullljónið 1994.

Hún vakti mikla athygli, sér í lagi fyrir afbragðs kvikmyndatöku og góðan leik, en myndin kom Kate Winslet á kortið og var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir besta handritið.

FARGO



TEGUND OG ÁR: Drama, spennutryllir

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 98 MIN

LEIKSTJÓRI: Joel og Ethan Coen

LEIKARAR: William H. Macy, Frances McDormand, Peter Stormare

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Joel og Ethan Coen eru vel þekktir í kvikmyndaheiminum sem sjálfstæðir kvikmyndagerðarmenn og höfundaleikstjórar. Yfirleitt gera þeir kvikmyndir í sameininguog í kvikmyndum þeirra má sjá augljós höfundareinkenni. Að því leyti halda þeir uppimerkjum óháðra kvikmyndagerðarmanna og gera ekki formúlukenndar kvikmyndir að hætti Hollywood.

Fargo er ein þekktasta mynd Coenbræðra. Hún fjallar um Jerry sem vinnur á bílasölu tengdaföður síns og er í fjárhagsvandræðum. Til að koma sér úr klandrinu ákveður hann að fá tvo menn til að ræna eiginkonu sinni og krefjast lausnargjalds frá auðugum tengdaföðursinum.

Myndin var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og hlutu Coenbræður verðlaunin fyrir besta frumsamda handritið og Frances McDormand fyrir besta leik í aðalhlutverki.

GASLIGHT



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, sálræn hrollvekja, 1944*

LENGD: *114 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *George Cukor*

AÐALHLUTVERK: *Ingrid Bergman, Charles Boyer, Joseph Cotten*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Myndin fjallar um unga kona að nafni Paula sem fer til Ítalíu í óperunám eftir andlát frænku sinnar sem var fræg óperusöngkona. Hún kynnist manni sem virðist heillandi við fyrstu sýn og þau búa sér heimili í London. Paula fer að taka eftir ýmsu undarlegu eins og fótataki á næturnar, hlutum sem hverfa og gasljósum sem dofna af óútskýranlegum ástæðum. Brátt fer hún að efast um geðheilsu sína og eitt og annað kemur í ljós varðandi eiginmann hennar.

Gaslight var gerð árið 1944, en hugtakið gaslýsing er sótt í myndina. Hún var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og hlaut tvö fyrir bestu mynd og besta leik í aðalhlutverki (Ingrid Bergman).

ALIEN



TEGUND OG ÁR: Vísindaskáldsaga, hrollvekja, 1979

LENGD: 116 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Ridley Scott

AÐALHLUTVERK: Sigourney Weaver, John Hurt, Ian Holm

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Myndin gerist í geimskipinu Nostromo þar sem áhöfnin er á leiðinni heim til jarðar. Þau vakna við neyðarkall frá plánetu þar sem þau finna geimskip sem virðist mannlaust. Í ljós kemur að þarna eru óþekktar lífverur sem reynast vera skaðlæðis skepnur og nánast ómögulegt er að granda. Ellen Ripley (Sigourney Weaver) þarf á öllu sínu hugrekki að halda til að bjarga lífi sínu og koma í veg fyrir að svikari í áhöfninni smygli lífverunum til jarðar.

Alien er fyrir löngu orðin klassískt meistaraverk og er á lista National Film Registry sem ein af mikilvægustu kvikmyndum Bandaríkjanna. Mörg atriði úr myndinni, eins og atriðið við matborðið þar sem lífveran birtist, eru vel þekkt og sviðsmyndin hefur haft mikil áhrif. Lífverurnar voru hannaðar af svissneska listamanninum H. R. Geiger.

ANATOMY OF A FALL



TEGUND OG ÁR: *Lögfræðidrama, 2023*

LENGD: 99 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Frakkland*

LEIKSTJÓRI: *Justine Triet*

AÐALHLUTVERK: *Sandra Hüller, Antoine Reinhardt, Swann Arlaud*

TUNGUMÁL: *Franska með íslenskum texta*

Sandra er vinsæll rithöfundur sem býr ásamt eiginmanni sínum í afskekktu húsi í grennd við Grenoble í Frakklandi. Þau eiga ellefu ára son sem er sjónskertur eftir bílslys og reiðir sig meðal annars á blindrahund. Ung kona kemur til að taka viðtal við Söndru á meðan eiginmaður hennar stendur í hávaðasömum framkvæmdum, svo að hún þarf að fara. Þegar sonur þeirra kemur úr gönguferð með hundinn, kemur hann að föður sínum látnum eftir hátt fall. Sandra er ákærð fyrir morð á eiginmanni sínum og í réttarhöldunum kemur fram að samband þeirra var mun flóknara en virtist við fyrstu sýn.

Anatomy of a fall var tilnefnd til 5 Óskarsverðlauna árið 2024 og hreppti verðlaunin fyrir besta handritið. Hún hlaut jafnframt Gullpálmann í Cannes og Evrópuverðlaunin 2023.

SJÖUNDA INNSIGLIÐ



TEGUND OG ÁR: Söguleg fantasía, 1957

FRAMLEIÐSLULAND: Svíþjóð

LENGD: 96 mín

LEIKSTJÓRI: Ingmar Bergman


LEIKARAR: Max von Sydow, Bengt Ekerot

TUNGUMÁL: Sænska með enskum texta

Sjöunda innsiglið gerist í Svíþjóð á miðöldum þegar svartidauði geysar og segir frá riddara sem teflir við Dauðann sem er kominn til að binda enda á líf hans. Í myndinni er vísað í Opinberunarbók Jóhannesar þar sem lambið lýkur upp sjöunda innsiglinu: „Þegar lambið lauk upp sjöunda innsiglinu, varð þögn á himni hér um bil hálfa stund.“ Bergman reifar hér hugleiðingar um Guð og tilvist mannsins sem er stærsta tema myndarinnar.

Sjöunda innsiglið kom Bergman á kortið sem einum merkasta leikstjóra sögunnar og hlaut dómnefndarverðlaunin í Cannes. Mörg atriði í myndinni eru orðin klassísk og hefur verið vísað í mörgum kvikmyndum.

RUSHMORE



TEGUND OG ÁR: *Gamanmynd, 1999*

LENGD: 93 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *Wes Anderson*

ÁDALHLUTVERK: *Bill Murray, Olivia Williams, Seymour Cassel*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta.*

Rushmore segir frá bráðþroska dreng, Max Fischer, sem vill umfram allt vera í einkaskólanum Rushmore, þótt hann standi sig ekki vel í neinu fagi. Á hinn bóginn er hann mjög duglegur í tómstundastarfi í skólanum þar sem hann stundar býflugnarækt, skrifar og setur á svið leikrit, þar á meðal um Víetnamstríðið.

Líf Max breytist þegar hann kemst að því að hann er á skilorði í skólanum og brátt kynnist hann sérkennilegum persónum sem hafa mikil áhrif á líf hans.

Wes Anderson hefur gert myndir á borð við The Royal Tenenbaums, Moonrise Kingdom og The Grand Budapest Hotel. Myndir hans einkennast af töfraraunsæi þar sem hversdagsleiki og ævintýraveröld fléttast saman.

DRUK



TEGUND OG ÁR: *Gamanmynd, drama*

FRAMLEIÐSLULAND: *Danmörk*

LENGD: *117 mínútur*

LEIKSTJÓRN: *Thomas Vinterberg*

LEIKARAR: *Mads Mikkelsen, Thomas Bo Larsen, Magnus Millang*

TUNGUMÁL: *Danska með íslenskum texta*

Fjórir vinir, sem allir eru menntaskólakennarar, ákveða að sannreyna kenninguna um að þeim muni ganga betur í lífinu ef þeir eru alltaf með örlítið áfengismagn í blóðinu. Þessi tilraun á eftir að hafa óvæntar afleiðingar og sýna þeim félögum nýjar hliðar á sjálfum sér sem þeir áttu kannski ekki von á.

Um er að ræða nýjustu mynd Thomas Vinterberg sem gerði Festen og Jagten. Hún skartar Mads Mikkelsen í aðalhlutverki. Myndin hlaut Óskarsverðlaunin 2021 sem besta erlenda mynd ársins.

MINNINGAR SNIGILS



TEGUND OG ÁR: *Teiknimynd, drama 2024*

LENGD: *94 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Ástralía*


LEIKSTJÓRI: *Adam Elliot*

ADALHLUTVERK: *Dominique Pinon, Nick Cave, Sarah Snook*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Grace Pudel er ung stúlka sem býr ásamt tvíburabróður sínum og föður í Melbourne í Ástralíu á áttunda áratugnum. Þegar faðir hennar deyr er hún skilin frá bróður sínum og send til fósturfjölskyldu. Grace er utanveltu og sorgmædd svo hún fer að safna sniglum, rómantískum skáldsögum og naggrísunum. Líf hennar breytist þegar hún kynnist hinni líflegu Pinky og hjartaknúsanum Ken, en margt fer öðurvísi en ætlað er.

Stórkostleg leirmynd úr smiðju höfunda Mary and Max og er byggð á minningum leikstjórans Adam Elliot. Hún fjallar um erfiðleika lífsins á hjartnæman og kostulegan hátt þar sem vonin um betra líf er handan við hornið.



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís

<https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>

